

Lágafellspósturinn

Ávarp skólastjóra

Ágæti lesandi

Í dag er hleypt af stokkunum fréttablaði Lágafellsskóla sem hlotið hefur nafnið Lágafellspósturinn. Ráðgert er að blaðið komi út a.m.k. mánaðarlega og þar birtist ýmsar upplýsingar frá skólanum og fréttir af skólastarfinu. Er það von okkar að foreldrum líki vel þessi nýjung og blaðið verði til gagns og gamans.

Nú er hafið 10. starfsár skólans og ætlunin er að halda upp á 10 ára afmælið með pomp og prakt síðla vetrar en einnig verða ýmsar minni uppákomur tengdar afmælisárinu af og til í vetur. Hugmyndir frá nemendum og foreldrum eru vel þegnar í því samhengi og hvet ég ykkur til þess að koma þeim á framfæri við kennara og annað starfsfólk skólans. Nú í haust hófu 704 nemendur nám við skólann okkar í 1. – 10. bekk, auk 28 barna í leikskóladeild og hafa aldrei verið fleiri. Kennarar við skólann eru 67 og aðrir starfsmenn ríflega 50. Nýja nemendur bjóðum við hjartanlega velkomna til okkar, nemendur sem nú hefja nám í 1. bekk og einnig þá sem koma inn í eldri bekkina.

Þær breytingar hafa orðið í stjórnun skólans frá síðasta skólaári að Efemía Gísladóttir hefur hætt störfum sem skólastjóri og flust erlendis. Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt að skólaárið 2010 – 2011 verði stjórnunarfyriðkomulag með öðrum hætti en verið hefur til þessa. Ég mun ein gegna starfi skólastjóra og staðgengill minn

verður Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri miðstigs. Nýr deildarstjóri yngsta stigs er Sesselja Gunnarsdóttir, Gunnhildur Harðardóttir hefur verið ráðin deildarstjóri sérkennslu og mats og Helena Katrín Hjaltadóttir deildarstjóri verkefna í 50% stöðugildi. Þá er María Lea Guðjónsdóttir sem fyrr deildarstjóri unglingsstigs.

Við í Lágafellsskóla erum metnaðarfull og gerum miklar kröfur bæði til starfsmanna okkar og nemenda.

Við viljum vinna í anda „Uppbyggingarstefnunnar“ þar sem markmiðin eru:

Að kenna nemendum sjálfsaga og sjálfsstjórn.

Að bæta samskipti.

Að hjálpa nemendum að gera sér grein fyrir þörfum sínum og uppfylla þær.

Að hjálpa nemendum að finna lífs-gildi sín og hegða sér samkvæmt þeim.

Að styrkja vilja og sjálfsmynd nemandans.

Í Lágafellsskóla komum við öll til þess að læra. Þó að við eigum margt sameiginlegt þá erum við einnig margt ólík. Við höfum misjöfn áhugamál og hæfileikar okkar liggja á misjöfnum sviðum. Við leggjum áherslu á að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín í skólastarfinu, öllum líði vel í skólanum og allir hafi tækifæri til að ná góðum árangri. Við leggjum áherslu á að nemendur okkar öðlist góða samskiptafærni og reynum að búa þeim

1. tbl. 1.árg.

Meðal efni blaðsins er:

- > Ávarp skólastjóra
- > Skólasetning
- > Göngum í skólann
- > Samræmd könnunarpróf
- > Útivistartíminn
- > Útíkennslustofa vígð
- > Skólalóðin
- > Kynningarkvöld fyrir foreldra nemenda í 1. bekk

öruggt, vinalegt og jákvætt námsumhverfi. Í slíku umhverfi eru okkur allir vegir færir.

Við leggjum áherslu á að allir aðilar skólasamfélagsins, nemendur, foreldrar og starfsfólk leggist á eitt til að gera góðan skóla enn betri. Höfum það hugfast að enginn er fullkominn. Allir geta eitthvað – enginn getur allt!

Bestu kveðjur,

Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri.

Samvera—Samvinna—Samkennd

Göngum í skólann

Lágafellsskóli er þátttakandi í hinu árlega verkefni **Göngum í skólann** nú í haust. Um er að ræða alþjóðlegt verkefni sem haldið er í fjórða sinn hér á landi tímabilið 8. september – 6. október. Verkefninu lýkur formlega með alþjóðlega **Göngum í skólann** deginum miðvikudaginn 6. október. Nú sem fyrr verður lögð áhersla á að hvetja nemendur til að ganga eða hjóla til og frá skóla.



Markmið verkefnisins eru að hvetja nemendur til aukinnar hreyfingar, að stuðla að færni nemenda til að ganga á öruggan hátt í skólann og að fræða nemendur um kosti reglubundinnar hreyfingar. Að auki er verkefninu ætlað að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri

nálægt skólum og vekja þátttakendur til vitundar um vistvænan ferðamáta og umhverfismál.

Við hér í Lágafellsskóla ætlum að hvetja nemendur til að ganga eða hjóla í skólann þennan mánuð en að auki lögðum við sérstaka áherslu á átakið vikuna 13. – 17. september. Þá viku unnu kennarar að skemmtilegum verkefnum með nemendum.

Skólasetning

Lágafellsskóli var settur í 10. sinn þriðjudaginn 24. ágúst sl. að viðstöddum foreldrum og nemendum skólans. Það var Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri sem setti skólann.

Nemendur mættu hraustlegir eftir veðurblíðu sumarsins, tilbúnir til að takast á við skólastarfið.



Handverk í 8. bekk

Nemendur 8. bekkjar hafa undanfarið unnið með handverk undir leiðsögn kennara síns Sigrúnar Aðalsteinsdóttur. Meðfylgjandi myndir sýna krakkana móta grímur úr gífsi.



Foreldrarölt

Rauði Kross Íslands í samvinnu við foreldrafélög Varmár- og Lágafellsskóla, stendur fyrir foreldrarölti í Mosfellsbæ. Foreldrafélög skólanna tveggja standa saman að skipulagningunni ásamt bekkjarfulltrúum 5. - 10. bekkja. Markmiðið með foreldraröltinu er að koma í veg fyrir hópamyndanir unglunga eftir að löglegum útivistartíma lýkur auk þess að reyna að fyrirbyggja að unglingar lendi í vanda. Talið er að nærvera fullorðinna hafi róandi og fyrirbyggjandi áhrif og minnki líkur á að upp komi aðstæður sem geta verið ógnandi fyrir unglunga. Foreldraröltið fer fram á föstudags- og laugardagskvöldum. Mæting er í húsnæði Rauða Kross Íslands, Þverholti 7, kl. 22:00. Þar tekur starfsmaður RKÍ á mót foreldrum með fræðslu og fer með hópnum á röltið. Rölti lýkur um miðnætti. Nánara skipulag foreldraröls er að finna á heimasíðu skólans www.lagafellsskoli.is

Skólalóðin endurbætt

Nú síðsumars var ráðist í framkvæmdir á lóð Lágafellsskóla. Leiksvæði barnanna var endurskipulagt og hóll sem stóð á lóðinni fjarlægður. Í staðinn hefur verið hellulagt og komið fyrir nýjum leiktækjum. Meðfylgjandi myndir sýna hluta lóðarinnar eins og hún lítur út eftir breytingarnar.



Nemendur leikskóladeildar að leik á skólalóðinni



Ný útikennslustofa í Litla Skógi.



Útikennslustofa Lágafellsskóla vígð

Mánudaginn 6. september sl. var nemendum og kennurum í Lágafellsskóla afhentir lykjar að nýrri útikennslustofu skólans sem staðsett er í Litla skógi. Ætlunin er að nýta aðstöðuna til eflingar útikennslu í skólanum og nýta náttúru og umhverfi skólans í auknum mæli.

Það voru nemendur 5.

bekkjar sem tóku við lykklunum með kennurum sínum.



Opið hús

Skákkennsla í Lágafellsskóla

Sú nýjung verður tekin upp í Lágafellsskóla í haust að bjóða nemendum uppá skákkennslu. Það er Stefán Bergsson frá Skákskólanum sem mun sjá um kennsluna en hún verður nemendum að kostnaðarlausu.

Kennslan verður í boði fyrir nemendur 3.—4. bekkjar á starfstíma frístundar og fyrir nemendur 5.—7. bekkjar í framhaldi af því. Hver tími mun standa yfir í 60 mínútur. Nánari upplýsingar verða sendar í tölvupósti þegar nær dregur.

Fyrsta opna hús Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar verður miðvikudaginn 29. september og verður fyrsti gesturinn Hugó Þórisson, sálfræðingur. Innlegg hans hefst klukkan 20:00 í Listasal Mosfellsbæjar en að venju verður gefinn tími fyrir spurningar og spjall. Opna húsinu lýkur kl 21:00.

Í fyrirlestrinum fjallar Hugo um mikilvægi samskipta og áhrif þeirra á sjálfsmýnd barnanna. Sérstök áhersla er á uppeldi gilda eins og ábyrgðar, frumkvæðis og sjálfstæðis. Hugo tekur mörg dæmi úr daglegu lífi til að krydda fyrirlesturinn á þann hátt að það vekur fólk til umhugsunar um eigin samskipti.

Allir velkomnir, heitt á könnunni og enginn aðgangseyrir.

Frístundatilboð

Foreldrar og aðrir forráðamenn eru vinsamlegast beðnir að athuga að öll frístundatilboð sem berast í skólann eru nú sett inná heimsíðu skólans undir flipa merktum frístundatilboð.

Útivistartíminn

Reglur um útivistar-tíma barna og ungl- inga, skv. barna- v e r n d a r l ö g u m , breyttust 1. september. Frá 1. september til 1. maí mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 20:00 en 13 - 16 ára börn mega vera úti til kl. 22:00. Vert er að nefna að foreldrar geta að sjálfsögðu þrengt þennan tímaramma enn frekar en börn eiga ekki að vera á al- mannafæri eftir upp- tíma nema í fylgd með fullorðnum. Undantekningar eru þó þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðs- samkomu. Æskilegt er að foreldrar standi saman um að halda úti- vistarreglurnar.

Útivistarreglur

Börn yngri en 12 ára mega vera úti til kl. 20:00

Börn 13-16 ára mega vera úti til kl. 22:00

Kynningarkvöld fyrir foreldra nemenda í 1. bekk

Þriðjudaginn 7. september var foreldrum nemenda í 1. bekk boðið til árlegs kvöldverðar og kynningarkvölds í hátíðarsal skólans.

Farið var yfir starf 1. bekkjar, Frístundaselið kynnt svo og skólaskrifstofan og stoðkerfi skólans. Foreldrafélag Lágafellsskóla kom með kynningu og umsjónarkennarar og aðrir starfsmenn sem koma að starfsemi 1. bekkjar kynntu sig. Að loknu tónlistartriði frá Andreu Dagbjörtu, nemanda í 7. bekk, var gestum boðið uppá Stroganoff með krydd- hrísgrjónum, fersku salati og snittubrauði að hætti matreiðslu- meistara Lágafellsskóla, Gunnlaugs Hreiðarssonar, ásamt kaffi og konfektí í eftirrétt.

Kvöldið var vel sótt og voru gestir ánægðir með framtakið.



Unglingsárin

Mánudagskvöldið 13. september var foreldrum nemenda í 8. bekk boðið á kynningarkvöld í skólanum. Stjórnendur og umsjónarkennarar kynntu skólastarfið og Hulda Sólrún, skólasálfræðin- gur, hélt fyrirlestur um unglingsárin.

Samræmd könnunarpróf

Þessa vikuna, 20.-24. september, standa yfir samræmd könnunarpróf. Prófað verður í íslensku, ensku og stærðfræði í 10. bekk dagana 20. 21. og 22. septem- ber. Nemendur 4. og 7. bekkjar taka sam- ræmd könnunarpróf dagana 23. og 24. september en þar verður prófað í íslensku og stærðfræði.